

Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn á skrifstofu Fjórðungssambandsins að Árnagötu 2 – 4, 400 Ísafirði, föstudaginn 25. nóvember 2011 kl. 8.15 – 10.00

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Jón Jónsson og Sigurður Pétursson. Auk þeirra sátu Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn, sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrá sem send var út með tölvupósti þann 23. nóvember s.l..

Dagskrá:

1. Kostnaðargreining 2010 og jöfnun fjármagns til þjónustusvæðanna 2012.

Verkefnastjóri fór yfir kynningu Sigurðar Helgasonar frá fundi Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þann 4. nóv. 2011. Hér eru kynntar aðferðarfræði við mat á heildarkostnaði við málaflökkinn sem byggir á mati á persónugreinarlegum kostnaði og á yfirstjórn fyrir árið 2012. Áætlunin byggir á stöðu þjónustuþega árið 2010. Í annan stað tillaga að jöfnun á framlögum til sveitarfélaga sem mynda tekjur byggðasamlags auk útsvarstekna. Áætlun á kostnaðargreiningar á starfssvæði BsVest fyrir árið 2012 er 292 mkr. Áætlun framlaga sem árið 2011, byggir á rekstri Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra 2010, tekna ársins 2011 er 230 mkr sem er verulega undir kostnaði ársins og þarfnast leiðréttingar.

2. Skammtímvistun, bókun verkefnahóps með reglum um skammtímvistun.

Vísað til fundar stjórnar þann

Verkefnastjóri upplýsti að verkefnahópur hafi gert bókun vegna setningu reglna um skammtímvistun vegna ákveðinnar óvissu um þjónustu. Stjórn leggur til að bókunin verði viðauki við reglur um skammtímvistun.

3. Fjármál 2011.

Með vísan til 1. liðar. Verkefnastjóri fór yfir greiningu á kostnaði félagsþjónustusvæða. Ljóst er að halli er á rekstri Ísafjarðarbæjar og félagsþjónustu Stranda og Reykhóla. Halli

Verkefnastjóra falið að vinna að greinargerð þar sem þessi kostnaður er sundurliðaður sem lið í erindi sem kynnt verður velferðaráðherra.

4. Fjármagn 2012, þær leiðir sem BsVest ætlar að fara til að skipta fjármagninu milli félagsþjónustusvæða.

Skipting fjármagns ársins byggir á rekstri ársins 2011 og kallað hefur verið eftir starfsáætlunum félagsþjónustusvæða.

Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Verkefnastjóra falið að skipuleggja kynningardag fyrir stjórn um starfsemi félagsþjónustusvæðanna og sameiginlegan fund stjórnar og verkefnahóps, stefnt skal að slíkum fundi í janúar.

5. Önnur mál.

Rætt um hlutverk byggðasamlagsins og verkefnisstjóra og félagsþjónustusvæðanna, auk hlutverk stjórnar.

Framkvæmdarstjóri BsVest
Aðalsteinn Óskarsson.